

Stutt stjórnarseta veikir aðhald



Togstreita milli stjórnar og forstjóra er nauðsynleg að mati Elínar Jónsdóttur.

Skipunartími stjórna til aðeins eins árs í senn gerir stjórnarmönnum gjarnan erfitt fyrir þar sem mánuði og jafnvel ár tekur fyrir stjórnarmenn að kynna rekstri og rekstrarumhverfi félagsins.

Þetta kom fram í máli Elínar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra VÍB hjá Íslandsbanka, á ráðstefnu sem ráðgjafarfyritækið Strategía hélt í morgun með yfirskriftinni „Hver má hvað?“

Elín fjallaði um sjónarmið framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Hún telur nauðsynlegt að heilbrigð togstreita sé á milli forstjóra og stjórnar en um leið þyrfti stjórn einnig að styðja við forstjóra.

Hún sagði stuttan skipunartími geta aftur leitt til þess að forstjórar og framkvæmdastjórn séu of ráðandi og að stjórn gefist ekki færi á að rýna ákvarðanir forstjóra með virkum hætti.

Hún lagði áherslu á að andrúmsloft á stjórnarfundum byði upp á að allir stjórnarmenn gætu rýnt og gagnrýnt. Rýni á tillögum eða ákvörðunum sé viðurkennd sem hluti góðrar ákvarðanatöku. Elín sagði að þörf væri fyrir gagnkvæm samskipti og ekki síst að leita eftir innleggi forstjóra við samsetningu og val á stjórnarmönnum.

Stofnanafjölfestar að verða virkari

Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri Stefnis, ræddi um aðkomu stofnanafjársfesta að stjórnarháttum.

Hann benti á að mikil umræða hafi verið á Íslandi og erlendis hvort stofnanafjársfestar, s.s. lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og tryggingafélög, eigi að vera virkir hluthafar. Erendis hafa stjórnarhættir stofnanafjársfesta þróast mjög mikið og eru í dag orðnir skýrir og gegnsærir.

Þar hafa stofnanafjársfestar þróast úr því að vera hlutlausir í að verða virkir, sér í lagi í málum sem snúa að kaupréttum, bónusgreiðslum og ákvörðunum um ráðstöfun hlutafjár. Sama þróun sé að eiga sér stað hér á landi; sjóðir setja sér hluthafastefnur og birta upplýsingar um beitingu atkvæðisréttar vegna tillagna á hluthafafundum.

Flóki fjallað einnig um mikilvægi virkra samskipta á milli stofnanafjársfesta og stjórna eða stjórnenda sem hluta af þessari þróun - sem aftur væri til þess fallin að bæta ákvarðanatöku stjórna og annarra stjórnenda.